

Rósberg Snædal, rithöfundur

Afhending 2013/25

Rósberg Guðnason Snædal fæddist í Kárahlíð í Laxárdal í Austur-Húnavatnssýslu þann 8. ágúst 1919. Foreldrar hans voru bændur og ólst hann upp hjá þeim ásamt 3 bræðrum sínum. Á árunum 1939-1941 stundaði hann nám við Héraðsskólann í Reykholti og sótti síðan kennaranámskeið við Háskóla Íslands. Hann fluttist til Akureyrar árið 1941 þar sem hann bjó lengst af.

Fyrri hluta ævi sinnar stundaði Rósberg ýmsa verkamannavinnu en síðar var barnakennsla meginstarfið. Rósberg kenndi m.a. í Þorkelshólshreppi, við Barnaskólann á Akureyri, Barna og Unglingaskóla Vopnafjarðar og Stóru-Tjarnarskóla. Seinustu árin vann hann sem kennari við Barnaskólann á Hólum í Hjaltadal, en þar bjó hann til æviloka.

Hann var mjög virkur í hverskonar félagsmálum og var meðal annars í stjórn Verkamannafélags Akureyrar 1945-66 og formaður Húnavetningafélagsins á Akureyri lengi. Þá var hann einnig virkur í störfum Sósíalístaflokksins og var formaður Sósíalístafélags Akureyrar um skeið. Hann var lengi í stjórn Sjúkrasamlags Akureyrar.

Rósberg var einnig afkastamikill rithöfundur og var jafnvígur á bundið mál sem óbundið. Eftir hann liggja ótal ljóð, lausavísur og greinar, auk þess sem hann var ritstjóri Verkamannsins um skeið. Fyrsta vísnaðverkið hans kom út árið 1954 og ber heitið „25 hringhendur“.

Árið 1945 kvæntist Rósberg Hólmfríði Magnúsdóttur frá Syðra-Hóli í Austur-Húnavatnssýslu. Þau eignuðust 6 börn. Rósberg og Hólmfríður slitu samvistum árið 1971. Rósberg lést árið 1983.

Skjölín voru afhent af Gígju Snædal, dóttur Rósbergs. Önnur afhending frá Rósberg er 2016/119.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri
24. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir
Skjalavörður

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
A-Rósberg Snædal			
A-Rósberg Snædal		1962- 1981	
Rósberg Snædal (1919-1983), rithöfundur			2013/25
2013 - A/1	1	1962- 1981 Jólakort til Rósbergs, mörg óársett	Afhendingin er í öskju með afhendingu 2016/116